



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

GRTE1FB05 Grunnteikning 2

Kennari: Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendi-teikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.

Undanfari: GRTE1FA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Lestri teikninga
- Gerð vinnuteikninga
- Gerð flatarmynda
- Gerða útflatninga
- Gerð fríhendisrissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja teikniáhöld
- Velja línugerð
- Velja tákni

- Vinna fallmyndir
- Vinna útflatninga
- Vinna þrívíðar myndir
- Allt samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

1. **GRUNNTEIKNING II**, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

2. Teikniáhöld sem hér segir:

T - reglustrika, 40 sm

Teiknihorn, 45° og 60°

Sirkill

Línuveiðari

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5mm eða 2 mm, 2H og 4H

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FB05 – Verkefni og próf vor 2020
1. vika 6. – 10. jan.	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 Flatarteikning
2. vika 13. – 17. jan.	Verkefni 8, 9, 10, 11, 12, 13
3. vika 20. – 24. jan.	Verkefni 14, 15, 16, 18, 19
4. vika 27. – 31. jan.	Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6 Fallmyndun 2 og útflatningsmyndir
5. vika 3. – 7. feb.	Verkefni 7, 8, 9, 10, 12 Próf 1 - fim. 6. feb. Prískólafundur mán. 3.
6. vika 10. -14. feb.	Verkefni 13, 14, 15, 17, 18
7. vika 17. – 21. feb.	Verkefni 19, 20, 21, 22 Próf 2 - mán. 17. feb. Kátir dagar, Flóa fár
8. vika 24. – 28. feb.	Verkefni 23, 24, 25, 26 Miðannarmat

9. vika 2. – 6. mars	Verkefni 29, 30, 31	Opið hús, Áfangamessa
10. vika 9. – 13. mars	Verkefni 32, 33, 34, 35	Valdagur
11. vika 16. – 20. mars	Fríhendi Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12	Próf 3 - mán. 16. mars
12. vika 23. – 27. mars	Verkefni 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19	
13. vika 30. – 3. apríl	Verkefni 20, 21, 22, 23, 24, 25	Próf 4 - mán. 30. mars. (Páskafri 6. – 14. apríl)
14. vika 15. – 17. apríl	Verkefni 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32	
15. vika 20. – 24. apríl	Verkefni 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39	
16. vika 27. – 30. apríl		Próf 5 - mán. 27. apríl
17. vika 4. -8. maí	Klára möppu og próf	Síðasti kennslud. 8. maí.
18. vika 11. – 15. maí	Námsmat	18. maí. Sjúkrapróf, 23. maí brautskráning

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 90% af tilskyldum verkefnum áfangans og kennari samþykkt þau. Ná þarf lágmarkseinkunn í hvorum námsþætti fyrir sig.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Próf/verkefni	Próf og/eða verkefni af og til alla önnina	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.